



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2005

Tilvisun: UST20050100126/bs

### Lenging Þingeyrarflugvallar frekari umsögn um matsskyldu

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. mars sl. þar sem óskað er álots Umhverfisstofnunar á frekari upplýsingum um aukna efnistöku vegna ofangreindrar framkvæmdar sem fram koma í bréfi Hönnunar dags. 15 mars sl.


Í bréfi framkvæmdaraðila eru ítarleg drög að áætlun um efnistöku í Sandá og frágang svæðisins. Umhverfisstofnun fer fram á að samráð verði haft við stofnunina um mótun endanlegrar áætlunar um efnistöku í Sandá og frágang námunnar að efnistöku lokinni.

**Niðurstaða:** Fyrirhuguð framkvæmd er að stærstum hluta á svæði sem þegar hefur verið raskað vegna lagningar vegar og byggingar flugbrautar. Aukið efnismagn hefur ekki áhrif á planlegu flugbrautar og er því að öðru leyti vísað til fyrri umsagnar Umhverfisstofnunar dags. 28. janúar 2005.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að reynt verði að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum efnistöku úr Sandá sbr. áætlun um efnistöku. Umhverfisstofnun telur því ekki líklegt að lenging Þingeyrarflugvallar og þar til heyrandi efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem fyrirhuguð framkvæmdasvæði er innan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður